

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni
um innleiðingu EES-gerða.

1. *Hversu margar gerðir hafa stofnanir Evrópusambandsins samþykkt og gefið út á ári hverju 2005–2014?*

Í eftirfarandi töflu er sýndur fjöldi gerða, þ.e. tilskipana, reglugerða og ákvarðana, sem stofnanir Evrópusambandsins hafa samþykkt á ári hverju 2005–2014.

Ár	Tilskipanir	Reglugerðir	Ákvarðanir
2005	90	2177	721
2006	142	2021	802
2007	76	1570	775
2008	124	1343	783
2009	166	1284	742
2010	91	1254	713
2011	100	1385	850
2012	53	1273	745
2013	78	1420	711
2014	97	1393	894

Um er að ræða gerðir á öllum málavíðum Evrópusambandsins, einnig þeim sviðum sem falla ekki undir gildissvið EES-samningsins. Jafnframt eru þar taldir með úrskurðir í formi ákvarðana sem kunna að beinast að fyrirtækjum en samsvarandi ákvarðanir í tveggja stöða kerfinu eru teknar af Eftirlitsstofnun EFTA.

2. *Hversu margar þessara gerða hafa verið teknar upp í EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, og innleiddar hér á landi í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt honum?*

Í eftirfarandi töflu er sýndur fjöldi gerða sem tekinn hefur verið upp í EES-samninginn ár hvert á tímabilinu 2005–2014. Tölur í svigum sýna fjölda ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar (ÁSN) á ári á sama tímabili.

Ár	Fjöldi gerða	
2005	312	(156 ÁSN)
2006	340	(159 ÁSN)
2007	415	(170 ÁSN)
2008	218	(130 ÁSN)
2009	283	(159 ÁSN)
2010	346	(139 ÁSN)
2011	372	(164 ÁSN)
2012	486	(233 ÁSN)
2013	400	(235 ÁSN)
2014	627	(291 ÁSN)

Langflestar þessara gerða eiga við um Ísland og hafa verið innleiddar hér á landi. Þó ber að taka fram að inni í þessum tölum eru einstaka gerðir sem ekki eiga við um Ísland, t.d. gerðir er varða viðskipti með lifandi dýr.

3. *Hversu margar fyrrgreindra gerða hafa krafist lagabreytinga við innleiðingu hér á landi?*

Í eftirfarandi töflu er sýndur áætlaður fjöldi gerða sem tekinn hefur verið upp í EES-samninginn og krafist hefur lagabreytinga ár hvert á tímabilinu 2005–2014. Tölur í svigum sýna fjölda ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar (ÁSN) á ári á sama tímabili sem tekinn hefur verið með stjórnskipulegum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins, en slíkur fyrirvari er gerður þegar ákvörðun krefst lagabreytingar.

Ár	Fjöldi gerða	
2005	17	(11 ÁSN)
2006	25	(18 ÁSN)
2007	92	(21 ÁSN)
2008	29	(17 ÁSN)
2009	35	(19 ÁSN)
2010	30	(17 ÁSN)
2011	31	(10 ÁSN)
2012	25	(17 ÁSN)
2013	15	(11 ÁSN)
2014	7	(4 ÁSN)